

komast að kjarna málarna og viðburðanna, er sannleikur. Það er hverjum rétt hugsandi manni eðlilegt og það er hið eina örugga — hið eina, sem vér getum sagt um. á þetta reiði ég mig, þetta skal vera mér sannleikur og vissa.

Gríska menningin og kristindómurinn.

Eftir T. B. JEVONS.

(Þýtt úr The Harvard Theological Review 1908).

(Frh.) Þannig hafði gríska menningin, jafnvel áður en rómverska keisararíkið varð til, myndað eitt samfélag úr hinni bygðu veröld í viðskiftum, siðferði og mentun, og undirbúið jarðvegin jafnt fyrir gyðingatrú, miðratrú og tilbeiðslu verndaranda keisarans. Og ekki að eins var samfélag myndað, sem náði út yfir hinn forna heim, heldur hófst einstaklingurinn til sjálfsmeðvitundar; það var nýtt atriði í kringumstæðunum, sem ekki var líklegt til að styðja þroska keisara verndaranda tilbeiðslunnar, hversu mikið sem það annars hvatti einstaklinginn til að nota persónulegt frelsi sitt í trúar vali sínu. Í þriðja lagi höfum vér séð aðferð Stóíkanna að hafa áhrif á einstaklingana með strætaprédikunum, aðferð, sem reyndist mjög gagnleg fyrir útbreiðslu kristindómsins, þó hún væri fundin upp af heiðingjum í þarfir siðferðislegra endurbóta.

Gríska menningin hafði þannig myndað nýtt samfélag, sem að vísu hafði ófullkomið skipulag, vegna þess að hið sameinandi afl einnar trúar vantaði enn þá, þó bönd sameiginlegrar, vitsmunalegrar og siðferðislegrar menningar héldu því saman. Þetta nýja samfélag var öðruvísi en öll önnur á undan því, það saman stóð af einstaklingum, og það var einstaklingsins að ákveða hvaða trú, eða hvort nokkur trú, þá verandi eða enn ómynduð, skyldi verða eign allra meðlima samfélagsins, vegna þess að hún væri persónuleg sannfæring hvers einstaklings. Stjórnarfars-